# FRÉTTABLAÐIÐ

226. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 25. SEPTEMBER 2018




„Það hefur ekkert annað verið rætt við mig en þessir tveir mánuðir og ég myndi aldrei sækjast eftir því að vera forstjóri Orkuveitunnar lengi,“ segir Helga Jónsdóttir, settur forstjóri. Helga tók við störfum í gær. Hún mun stýra OR meðan Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar vinnur að úttekt á vinnustaðamenningu fyrirtækisins. Sjá síðu 4 FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Hálfur milljarður án útboðs í borginni

**Á fyrstu sex mánuðum ársins námu innkaup Reykjavíkurborgar án útboðs ríflega 574 milljónum króna. Gerðar voru alvarlegar athugasemdir við kostnaðinn í innkauparáði. Oddviti Sjálfstæðisflokksins krefst skýringa. Borgarstjóri vildi ekki tjá sig um málið.**

**REYKJAVÍK** Á fyrstu sex mánuðum ársins keypti Reykjavíkurborg það sem kallast sérfræðiþjónusta og önnur vörukaup án útboðs fyrir ríflega 574 milljónir króna. Þetta samsvarar ríflega 7 prósentum af heildarinnkaupum borgarinnar á tímabilinu. Oddviti Sjálfstæðisflokksins segir þetta óþægilega háa fjárhæð sem þarfnist útskýringa.

Fyrr í mánuðinum gerði fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í innkauparáði borgarinnar athugasemdir við þennan óútskýrða kostnað eins og hann birtist í yfirliti skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar borgarinnar. Sagði fulltrúinn, Björn Gíslason, yfirlitið „ískyggilegt“ í bókun á fundi ráðsins.

Guðlaug S. Sigurðardóttir, fjármálastjóri skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar, segir í svari við fyrirspurn blaðsins að rúmum 277 milljónum hafi verið varið í „kaup á sérfræðiþjónustu“ á fyrstu sex mánuðum ársins og ríflega 296 milljónir fóru í „önnur vörukaup“. Án útboðs.

„Kaup á sérfræðiþjónustu og önnur vörukaup nema því samtals 574.273.893 krónum,“ segir Guðlaug. Hún vill þó setja upphæðina í samhengi við heildarfjárfestingu á fyrri helmingi ársins.

„Þær 574 milljónir – heildarinnkaup án útboðs eru því 7,16% af 8.020 milljóna heildarinnkaupum.“

Fréttablaðið óskaði eftir sundurliðun á 574 milljónunum en fékk þau svör að innkauparáð myndi fá hana fyrst og fara yfir á næsta fundi.

„Þetta er óþægilega há tala á stuttum tíma,“ segir Eyþór Arnalds, oddviti Sjálfstæðisflokksins í borginni. Nauðsynlegt sé að fá frekari útskýringar á kostnaðinum.

„Þegar boðið er út færðu hagkvæmari innkaup en einnig er hafið yfir allan vafa að það séu engin önnur sjónarmið sem ráða. Þjóðin var hneyksluð á 22 milljóna króna ljósareikningi á Þingvöllum en ítrekað erum við að sjá í borginni tölur sem eru óútskýrðar eða framúrkeyrslu sem nemur hundruðum milljóna.“

Fréttablaðið leitaði viðbragða borgarstjóra vegna málsins en aðstoðarmaður hans vísaði á svar Guðlaugar og taldi ekki tilefni til að bregðast frekar við gagnrýni Sjálfstæðismanna. **–smj**

## Sérgreinalækna á sjúkrahúsin

**SKOÐUN** „Heilbrigðisráðherra leggur áherslu á styrkingu opinbera heilbrigðiskerfisins,“ segir Birgir Jakobsson, fyrrverandi landlæknir og aðstoðarmaður heilbrigðisráðherra, í aðsendri grein í blaðinu í dag. Hann segir ljóst að fleiri sérgreinalækna vanti inn á sjúkrahúsin.

„Þetta er ekki hægt að gera á meðan sérgreinalæknar fá bæði betur greitt og einfaldari sjúklinga þegar þeir starfa á rammasamningi Sjúkratrygginga Íslands.“

**Sjá síðu 9**



**Birgir Jakobsson**



**Vaðlaheiðargöng verða brátt opnuð.**

## Hátt verð muni fæla ökuþóra frá

**SAMGÖNGUR** Lektor sem rannsakað hefur hvað vegfarendur eru reiðubúnir að greiða hátt veggjald fyrir að aka um Vaðlaheiðargöng segir ólíklegt að margir muni nýta sér göngin ef veggjaldið verður 2.000 krónur, líkt og rekstraraðili ganganna stefnir að.

Hann telur líklegra að ökuþórar kjósi að fara yfir Víkurskarð en að nýta sér göngin á þessu verði.

**– sa / sjá síðu 2**

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Hernaðarandstæðingar skrifa um byssuleiki. 9

**SPORT** Tiger Woods snéri aftur með stæl um helgina. 10

**MENNING** Guðrún Nordal fjallar um tímana sem við lifum, hugmyndir um Ísland og sögurnar sem við segjum. 16

**LÍFIÐ** Í nýjustu þáttaröð Netflix, Maniac, leikur Jonah Hill íslenskan njósnara. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem erlendir leikarar túlka okkur Íslendinga. 20




**PLÚS SÉRBLAÐ ● FÓLK**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015







## Veður




Hvass vindur og talsverð rigning sunnan- og suðaustanlands og síðar skúrir þegar líður á daginn. Hægari vindur annars staðar á landinu. Talsverð snjókoma um tíma til fjalla norðan- og norðaustanlands.

SJÁ SÍÐU 14

# Rennvotir ferðamenn stóðu varla í fæturna



Erlendir ferðamenn sem lögðu leið sína að Brimkatli, laug í sjávarborðinu vestast í Staðarbergi stutt frá Grindavík, áttu í stökustu vandræðum með að standa af sér sterkar vindhviðurnar þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði í gær. Úfnar öldurnar skullu á klettunum í kringum útsýnispallinn og ferðamennirnir fóru rennandi blautir aftur upp í hlýja rútuna, sem beið eftir þeim að útsýnistúrnum loknum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



**Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Vill framlengja samning um ár

**HEILBRIGÐISMÁL** Stefnt er að því að núverandi rammasamningur Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) við sérgreinalækna verði framlengdur um eitt ár en að óbreyttu rennur hann út um áramótin. Heilbrigðisráðherra fundaði með hagsmunaaðilum í velferðarráðuneytinu um málið í gær.

Þetta kemur fram í tilkynningu frá velferðarráðuneytinu. Þar segir enn fremur að á meðan framlengingin er í gildi verði unnið að því að finna breytt fyrirkomulag á kaupum ríkisins á þjónustu sérfræðilækna.

Í liðinni viku var kveðinn upp dómur í Héraðsdómi Reykjavíkur í máli sérfræðilæknis gegn ríkinu þar sem ákvörðun SÍ, um að synja lækninum um aðild að rammasamningnum, var felld úr gildi. Var það gert þar sem synjunin byggði ekki á faglegu mati heldur tilmælum ráðuneytisins um að stöðva inntöku lækna á samninginn. Dómnum verður ekki áfrýjað.

„Það þarf að skýra þetta mál að fullu, fara yfir verkferla innan ráðuneytisins, skoða rekjanleika ákvarðana, gagnsæi og röksemdafærslur að baki þeim. Eins þarf að fara yfir samskipti ráðuneytisins og stofnana þess í málinu og hvernig þeim hefur verið háttað og loks þarf að skoða hvernig samningnum var framfylgt af hálfu Sjúkratrygginga Íslands áður en honum var lokað,“ segir Svandís í yfirlýsingu.

Greina verði áhrif dómsins og hvernig unnt sé að vinna á grundvelli samningsins meðan hann er í gildi. Meðal annars þurfi að vera skýrt hvernig umsóknir lækna verði metnar í ljósi dómsins. **– jóe**



**Cosby í apríl.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Örlög Cosbys ráðast í dag

**BANDARÍKIN** Dómsuppkvaðning í máli leikarans Bills Cosby hófst í Pennsylvaníu í gær. Hann var sakfelldur fyrir kynferðisbrot gegn Andreu Constand í apríl síðastliðnum og á yfir höfði sér allt að þrjátíu ára fangelsisdóm.

Refsing Cosbys kemur í ljós í dag. Verjendur hans fara fram á að tillit sé tekið til hás aldurs Cosbys, hrakandi heilsu, þess að þetta sé hans fyrsta brot og mannúðarstarfs leikarans á árum áður. **– þea**




# Telur veggjaldið of hátt

**Lektor sem rannsakar greiðsluvilja vegfarenda telur afar ólíklegt að fólk muni greiða 2.000 krónur í veggjald til að fara í gegnum Vaðlaheiðargöng. Rekstraraðili ganganna ætlar sér að veita tryggum viðskiptavinum ríkulegan afslátt.**

**SAMGÖNGUR** Tvö þúsund króna veggjald í Vaðlaheiðargöng er of hátt að mati Jóns Þorvaldar Heiðarssonar, lektors við viðskipta- og raunvísindasvið Háskólans á Akureyri, sem hefur í hátt á annan áratug rannsakað greiðsluvilja vegfarenda. Hann telur ólíklegt að margir nýti sér göngin á því verði. Rekstraraðili Vaðlaheiðarganga ætlar að mæta tryggum viðskiptavinum með ríkulegum afsláttarkjörum.

„Ég gæti trúað því að stakt gjald, tæpar 2.000 krónur, sé of hátt og að fáir muni aka í gegnum göngin á því verði og fari þá frekar yfir Víkurskarð. Hins vegar munu vafalaust einhverjir annaðhvort slysast til að aka göngin á því verði eða neyðast til þess í einhverjum tilvikum,“ segir Jón Þorvaldur.

Samkvæmt drögum að verðskrá Vaðlaheiðarganga, sem Fréttablaðið hefur undir höndum, nær 2.000 króna hæsta veggjaldið aðeins til þeirra sem ekki hafa forskráð ökutæki sitt á netinu áður en keyrt er í gegn og fá reikning þar að lútandi sendan heim. Ofan á það leggst innheimtukostnaður.

Hundrað ferða áskriftarleið myndi kosta 40.000 krónur, eða 400 krónur á hverja ferð, sem er afsláttur upp á 80 prósent. Því gætu heimamenn fengið mikinn afslátt á meðan aðrir þyrftu að greiða hærra verð sökum fjarlægðar.

„Þegar Hvalfjarðargöngin voru opnuð árið 1998 greiddu vegfarendur sem voru að fara hringveginn sem samsvarar 23,8 krónum á hvern sparaðan kílómetra. Með því að uppreikna þá tölu miðað við vísitölu neysluverðs og vegstyttingu um 15,6 kílómetra ætti gjaldið í Vaðlaheiðargöng að vera um 921 króna,“ bætir Jón Þorvaldur við.

Þó aðrir mælikvarðar séu notaðir nær það ekki hinum umtöluðu 2.000 krónum. „Svo má spyrja sig hvort það sé réttur mælikvarði. Ef við uppreiknum gjaldið miðað við verð á bensíni ætti veggjaldið að vera um 1.100 krónur. Einnig ef við uppreiknum þetta miðað við launavísitölu ætti gjaldið að vera um 1.500 krónur.“

sveinn@frettabladid.is



**Fyrirhuguð opnun ganganna er þann 1. desember.** FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

### Mögulegur greiðsluvilji í Vaðlaheiðargöng borið saman við Hvalfjarðargöng*

| | |
|---|---|
| Gjald miðað við uppreiknaða vísitölu neysluverðs | 921 kr. |
| Gjald miðað við uppreiknað eldsneytisverð | 1.100 kr. |
| Gjald miðað við launavísitölu | 1.500 kr. |

*Greiðsluvilji vegfarenda í Hvalfjarðargöng 1998 var 23,8 krónur á sparaðan kílómetra

**Með hugtakinu „greiðsluvilji“ er átt við hvað vegfarendur eru reiðubúnir að greiða hátt gjald á móti styttingu vegalengdar og tímasparnaði sem akstur um göngin hefur í för með sér.**

Stafrænar lausnir Íslandsbanka

# Allar korta-aðgerðir á einum stað

Í Kreditkortsappinu getur þú stillt heimildina, greiðsludreift færslum, fryst kortið, sótt PIN númer og nýtt þér fríðindakerfi Íslandsbanka.

Þú finnur Kreditkortsappið
í App Store og Google Play Store




440 4000

@islandsbanki

islandsbanki.is

# Árásin á bróðurinn metin stórfelld líkamsárás en ekki manndráp

**DÓMSMÁL** Valur Lýðsson, bóndi á Gýgjarhóli II í Biskupstungum, var í Héraðsdómi Suðurlands í gær dæmdur í sjö ára fangelsi fyrir stórfellda líkamsárás í mars sem varð Ragnari Lýðssyni, bróður hans, að bana.

Hinn sakfelldi mundi illa eftir atvikum hinnar afdrifaríku nætur sökum ofurölvunar. Þeir bræður, auk þriðja bróðurins, höfðu setið að drykkju það kvöld en þriðji bróðirinn hafði lagst til hvílu áður en átök hinna áttu sér stað.

Banamein Ragnars var andnauð vegna banvænnar innöndunar magainnihalds en sannað þótti að Valur hefði bæði sparkað í höfuð og rifbein bróður síns. Brotin rifbein stungust í lungu og lifur hins látna og hefðu þeir áverkar einnig getað reynst lífshættulegir.

Í niðurstöðukafla dómsins segir að sannað sé að Valur hafi ráðist á bróður sinn. Háttsemin hafi verið hættuleg en að mati dómsins þurfti Val ekki að vera það ljóst að afleiðingar árásarinnar yrðu þær að bani hlytist af. Ekki þótti sannað að ásetningur hefði legið til þess að deyða Ragnar og árásin því ekki heimfærð sem manndráp, líkt og ákæruvaldið krafðist, heldur stórfelld líkamsárás sem leiddi til dauða.

Óljóst er hvort dómnum verður áfrýjað til Landsréttar. **– jóe**



**Valur ásamt verjanda sínum við aðalmeðferð málsins.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Rými í Leifsstöð verði boðin út

**STJÓRNMÁL** Teitur Björn Einarsson, auk nokkurra þingmanna Sjálfstæðisflokksins, hefur lagt fram frumvarp þess efnis að Isavia ohf. og dótturfélag þess á Keflavíkurflugvelli hætti að reka verslanir með tollfrjálsar vörur í Leifsstöð en bjóði þess í stað út verslunarrými til fyrirtækja á almennum markaði sem annist alla verslunarþjónustu í flugstöðinni, þar með talið Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins til að selja áfengi og tóbak. **– aá**



**Helga Vala Helgadóttir er fyrsti flutningsmaður.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Vilja sálfræðing í öll fangelsin

**STJÓRNMÁL** Þingmenn Samfylkingar hafa lagt fram tillögu til þingsályktunar um að dómsmálaráðherra sjái til þess að frá næstu áramótum verði að minnsta kosti einn sálfræðingur með viðveru í hverju fangelsi landsins. Föngum verði þannig tryggður aðgangur að sálfræðiþjónustu innan veggja fangelsanna. Í greinargerð með tillögunni kemur fram að aðeins þrjú stöðugildi sálfræðinga séu innan fangelsiskerfisins. **– aá**

FRÉTTABLAÐIÐ
**Vertu fyrst/ur að lesa blaðið**

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.
Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning.** Það kostar ekkert.

# Innri endurskoðun sé alveg óháð pólitískum fyrirmælum

**Tímabundinn forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur tók til starfa í gær. Hún var sett inn í starfið á maraþonfundi með stjórn fyrirtækisins. Hún segir óhæði úttektaraðila OR algjörlega tryggt.**



**Helga Jónsdóttir, ásamt Brynhildi Davíðsdóttur (t.h.), á miðri mynd við upphaf fundar í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/ SIGTRYGGUR ARI

**STJÓRNSÝSLA** Helga Jónsdóttir, tímabundinn forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur (OR), segir skýrt að Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar (IER) sé algjörlega óháð pólitískum fyrirmælum og vinni samkvæmt alþjóðlegum stöðlum um innri endurskoðun. Hún telur næsta víst að niðurstöður úttektar á vinnustaðamenningu OR muni liggja fyrir áður en árið er á enda.

Helga tók í gær við stjórnartaumunum hjá OR en hún kemur til með að stýra fyrirtækinu næstu tvo mánuði. Hún er kunnug fyrirtækinu en hún var á sínum tíma í stjórn þess. Helga var ráðin forstjóri eftir að Bjarni Bjarnason óskaði eftir því við stjórn OR að stíga til hliðar meðan óháð úttekt færi fram í kjölfar fregna af óviðeigandi framkomu karlkyns stjórnenda OR við kvenkyns starfsfólk. Nýi forstjórinn var settur inn í verkefnið sem fram undan er á fundi með stjórninni.

„Það var margt rætt og kynnt fyrir mér á fundinum. Ég fór af honum með ríka tilfinningu um að OR sé fyrirtæki í góðum og framsæknum rekstri. Það veit hvað það vill, hvert skal stefna og gerir það markvisst,“ segir Helga.

Á fundinum var meðal annars á dagskrá umræða um drög að úttektinni sem gera á. Rætt hefur verið um það að mögulega sé óheppilegt að IER standi að úttektinni í ljósi þess að Reykjavíkurborg er langstærsti eigandi Orkuveitunnar.

> **Það var margt rætt og kynnt fyrir mér á fundinum.**
>
> Helga Jónsdóttir, starfandi forstjóri OR

„Það liggur alveg fyrir og mig langar að undirstrika það sérstaklega að IER starfar samkvæmt mjög skýrum reglum, er algjörlega óháð pólitískum fyrirmælum og vinnur samkvæmt alþjóðlegum stöðlum um innri endurskoðun. Ég leyfi mér að trúa því að þar sé mjög faglega unnið,“ segir Helga.

Auk IER munu óháðir sérfræðingar standa að úttektinni. Að sögn Helgu er slíkt nauðsynlegt þar sem verkefnið sem fram undan er sé það viðamikið að þörf er á auknum mannafla til að ljúka því hratt og örugglega. Ekki liggur fyrir hve margir utanaðkomandi aðilar munu koma að verkinu.

„Það munu utanaðkomandi sérfræðingar koma að úttektinni til að tryggja enn frekar áreiðanleika og trúverðugleika hennar. Aðkoma þeirra mun einnig tryggja sérþekkingu umfram þá sem er nú þegar innan IER,“ segir Brynhildur Davíðsdóttir, formaður stjórnar OR.

Uppsögn og aðdragandi uppsagnar Áslaugar Thelmu Einarsdóttur, fyrrverandi forstöðumanns markaðs- og kynningarmála hjá Orku náttúrunnar, dótturfélagi OR, varð kveikjan að því að vinnustaðamenning OR komst í kastljósið. Hún hefur gefið út að hún muni leita réttar síns vegna uppsagnarinnar.

„OR barst bréf frá lögmanni hennar og stjórnin fól mér að fara á fund hennar. Ég mun gera það eins fljótt og ég fæ því komið við. Dagurinn í dag og á morgun eru mjög þéttbókaðir en ég vonast til þess að ná því fyrir vikulok,“ segir Helga. Hún segir að hún fari á þann fund til að hlusta á Áslaugu en ótímabært sé að ræða hvort hún verði ráðin á ný.

Aðspurð um hvort það komi til greina að vera í starfinu lengur en í tvo mánuði segir Helga að það hafi ekki verið rætt við hana um annað en mánuðina tvo og hún myndi aldrei sækjast eftir því að vera forstjóri OR til framtíðar. „Ég ætla bara að njóta þess að vera á eftirlaunum og leika mér og njóta þess að eiga börn og barnabörn,“ segir Helga.
**joli@frettabladid.is**




**JEEP GRAND CHEROKEE TRAILHAWK**
**JEEP 7 DAGA VIKUNNAR. ALVÖRU JEPPI - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF.**
**VERÐ FRÁ 9.990.000 KR. 33” BREYTTUR VERÐ FRÁ 10.590.000 KR.**
DÍSEL 3.0L 250 HÖ, 8 GÍRA SJÁLFSKIPTING, HÁTT OG LÁGT DRIF, DRIFLÆSING AÐ AFTAN.
**STAÐALBÚNAÐUR MA:** LOFTPÚÐAFJÖÐRUN, HITI OG KÆLING Í SÆTUM, HITI Í STÝRI,
RAFDRIFINN AFTURHLERI, ÍSLENSKT LEIÐSÖGUKERFI O.M.FL. AUKAHLUTIR Á MYND DRÁTTARKRÓKAR AÐ FRAMAN.
ÍSBAND ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ
UMBOÐSAÐILI JEEP Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16
Jeep THERE'S ONLY ONE

DISCOVERY SE

# HÆFARI OG ÖFLUGRI

ABOVE & BEYOND

landrover.is




Búnaður bíls á mynd er frábrugðinn búnaði bíls á auglýstu verði.

ENNEMM / SÍA / NM89974

## LAND ROVER DISCOVERY SE
## DÍSIL, SJÁLFSKIPTUR.
## VERÐ FRÁ: 11.590.000 KR.

Nýr Discovery er hæfari og öflugri en nokkru sinni fyrr. Yfirbygging úr áli gerir hann allt að 490 kg léttari. Endurbætt Terrain Response® drifkerfi og loftpúðafjöðrun sem gerir ökumanni kleift að hækka bílinn upp og ná allt að 28,3 cm veghæð og 90 cm vaðhæð er alger sérstaða í þessum flokki bíla.

**LAND ROVER**
HESTHÁLSI 6-8, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 525 6500

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR



## Segir Icelandair ekki hafa sýnt fram á ávinning

**KJARAMÁL** „Fyrirtækið hefur ekki sýnt fram á fjárhagslegan ávinning af þessari óskiljanlegu aðför sem setur líf fjölmargra starfsmanna úr skorðum,“ segir Berglind Hafsteinsdóttir, formaður Flugfreyjufélags Íslands, um þá ákvörðun Icelandair að bjóða 118 flugfreyjum og -þjónum í hlutastarfi að velja á milli uppsagnar og þess að fara í fullt starf.

Félagið hefur mótmælt ákvörðuninni harðlega. „Við lítum svo á að þetta sé gróft brot á kjarasamningi. Það hefur skapast hefð fyrir umræddum hlutastörfum. Við munum ekki una við einhliða ákvörðun Icelandair.“

Hún bendir á að í gegnum tíðina hafi Icelandair óskað eftir því að flugfreyjur og -þjónar taki að sér hlutastörf þegar erfiðleikar hafi steðjað að hjá fyrirtækinu til að koma í veg fyrir hópuppsagnir.

> **Stjórnendur Icelandair ákveða nú, árið 2018, að hverfa aftur til fyrri tíma þegar réttindi kvenna á vinnumarkaði voru takmörkuð.**
>
> Berglind Hafsteinsdóttir, formaður Flugfreyjufélags Íslands



Berglind segir starfsumhverfi flugfreyja og -þjóna ólikt flestum störfum. „Fyrirtækið ákveður upp á sitt einsdæmi hvort starfsmenn skuli vinna yfirvinnu. Fjarvera frá heimili getur verið um 240 stundir á mánuði fyrir fullt starf og skyldi því engan undra að margir óski eftir því að vera í hlutastarfi.“

Þá segir Berglind ákvörðunina aðför að kvennastétt. 99 prósent þeirra sem verði fyrir uppsögnum séu konur. „Stjórnendur Icelandair ákveða nú, árið 2018, að hverfa aftur til fyrri tíma þegar réttindi kvenna á vinnumarkaði voru takmörkuð.“ **– sar**

### LEIÐRÉTTING

*Í grein um afkomu Gagnaveitu Reykjavíkur (GR) sem birtist í gær var ranglega sagt að félagið hefði aldrei skilað hagnaði. GR hefur oftar skilað tapi en hagnaði og ekki skilað hagnaði frá árinu 2015.* **– smj**



**Rætt hefur verið um mögulegt samstarf aðildarfélaga SGS og LÍV í komandi kjaraviðræðum.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Samflot í viðræðum hafi tíðkast í áratugi

**Framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins segir ekkert nýtt í hugmyndum um ofurbandalag verkalýðsfélaga. Bendir á að báðir aðilar þurfi að miðla málum. Aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ segir samflot skila árangri við gerð kjarasamninga.**

**KJARAMÁL** „Kjaraviðræður eru samningar um uppbyggingu lífskjara fólks og jákvæða þróun samfélagsins. Báðir aðilar verða að miðla málum til að ná niðurstöðu. Þannig hefur það verið og verður áfram. Kjaraviðræður eru ekki kappleikur og ég held að menn ættu að vera orðvarir,“ segir Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins.

Mikil umræða hefur verið um samstarf félaga innan Starfsgreinasambandsins (SGS) og Landssambands íslenskra verslunarmanna (LÍV) í komandi kjaraviðræðum. Þannig hefur stjórn Eflingar, sem er stærsta aðildarfélagið innan SGS, ályktað að grundvöllur slíks samstarfs verði kannaður.

Stjórn Framsýnar stéttarfélags á Húsavík hefur ályktað um að allra leiða skuli leitað til að sameina aðildarfélög SGS í komandi kjaraviðræðum í stað þess að félögin á höfuðborgarsvæðinu séu sér. Stjórnin hvetur til samstarfs við VR og LÍV.

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, talar á svipuðum nótum og sagði í viðtali við Morgunblaðið

> **Kjaraviðræður eru ekki kappleikur og ég held að menn ættu að vera orðvarir.**
>
> Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins



í gær að hann vildi láta reyna á myndun ofurbandalags SGS og LÍV.

Halldór Benjamín segir að hugmynd um ofurbandalag sé ekki annað en samflot í kjaraviðræðum sem hafi tíðkast um áratuga skeið. „Það er ekkert nýtt í þessu og þetta er sjálfsagður réttur stéttarfélaga og að mörgu leyti æskilegt fyrir atvinnurekendur að eiga við færri viðsemjendur í einu.“

Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ, segir reynsluna sýna að meiri árangur náist í kjarasamningum með samfloti stéttarfélaga. „Það gildir í þessu að í samstöðunni felst styrkur. Því samheldnari sem hópurinn er gagnvart stjórnvöldum og atvinnurekendum, því betri stöðu hefur hann.“

Halldór segir að leggja þurfi mat á hagsmunina og stöðuna í aðdraganda samninganna. „Það eru umræður og samræður í gangi víða. Svo er spurning hvort iðnaðarmenn, sem eru þriðji stóri hópurinn, verði boðið með.“

Einnig sé sá möguleiki fyrir hendi að aðilar eigi með sér samstarf um sumt en ekki annað. „Við gætum séð mikið samstarf gagnvart stjórnvöldum en kannski einhverjar sameiginlegar meginlínur gagnvart atvinnurekendum. Félögin gætu þá verið með einhverjar sérkröfur gagnvart þeim.“

Hilmar Harðarson, formaður Samiðnar, segir að þar á bæ séu engir kostir útilokaðir fyrirfram. „Við útilokum ekki samstarf við neinn. Fyrsti kosturinn er að við iðnaðarmenn tölum saman og svo getum við farið í það að ræða við aðra. Við erum tilbúnir að skoða margt og velta við öllum steinum.“

**sighvatur@frettabladid.is**



**Rod Rosenstein.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Rosenstein íhugar nú stöðu sína

**BANDARÍKIN** Rod Rosenstein, aðstoðardómsmálaráðherra Bandaríkjanna, íhugar nú að hætta. Hann lagði leið sína í Hvíta húsið í gær og fundaði með John Kelly, starfsmannastjóra ríkisstjórnar Donalds Trump forseta, um málið. Framtíð hans í starfi ræðst endanlega á fimmtudaginn þegar hann fundar með forsetanum sjálfum.

Þar sem Jeff Sessions dómsmálaráðherra steig til hliðar í Rússamálinu svokallaða er Rosenstein yfirmaður Roberts Mueller, sérstaks saksóknara ráðuneytisins sem rannsakar meint afskipti rússneskra yfirvalda af forsetakosningunum 2016 og meint samráð framboðs Trumps við Rússa.

> **Framtíð Rosensteins í starfi ræðst á fimmtudaginn þegar hann fundar með Donald Trump forseta.**

Trump hefur kallað rannsóknina nornaveiðar og beint sjónum sínum að Rosenstein. Aðstoðarráðherrann hefur ítrekað neitað því að hugsa um að reka Mueller, þrátt fyrir þrýsting frá stuðningsmönnum forseta. Talið er að framtíð rannsóknarinnar verði í hættu ef Rosenstein stígur til hliðar eða er látinn fara.

The New York Times greindi frá því á föstudag að Rosenstein hefði lagt til að samtöl forsetans yrðu tekin upp í leyni til að ljóstra upp um meinta ringulreið sem ríkir innan ríkisstjórnarinnar. Aðstoðarráðherrann var sömuleiðis sagður hafa rætt um að fá til liðs við sig ráðherra svo hægt væri að beita 25. grein stjórnarskrárinnar. Í henni er meðal annars kveðið á um að varaforseti og meirihluti ráðherra geti fjarlægt forsetann úr embætti sökum veikinda eða vanhæfni. Rosenstein hafnaði frásögn blaðsins alfarið. **– þea**







ÖFLUG LAUSN VIÐ HÁLSBÓLGU!
Strefen®

Bólgueyðandi og verkjastillandi munnúði við særindum í hálsi




Strefen 16,2 mg/ml munnholsúði, lausn inniheldur flurbiprofen. Strefen er notað sem skammtímameðferð til að draga úr einkennum bráðra hálssærinda hjá fullorðnum. Einn skammtur (3 úðaskammtar) aftast í hálsinn á 3-6 klst. fresti eftir þörfum, upp að hámarki 5 skammtar á 24 klst. tímabili. Ráðlagt er að nota lyfið að hámarki í þrjá daga. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is.

lyfja.is

LYFJA – Lifið heil




## ÓDÝRT OG GOTT

**Þrjú slátur duga í u.þ.b. níu máltíðir fyrir fjögurra manna fjölskyldu ef allt hráefnið er notað og bæði gerð lifrapylsa og blóðmör.**

**Heilslátur**
3 stk
**3.899** kr/pk

**Heilslátur**
5 stk
**5.899** kr/pk

**Heilslátur 3 stk án blóðs**
**3.699** kr/pk

**Heilslátur án blóðs**
5 stk
**5.699** kr/pk

**Frosið heilslátur**
3 stk
**3.899** kr/pk

**Frosið heilslátur**
5 stk
**5.999** kr/pk

**Frosið heilslátur 3 stk með próteinkeppum og mör**
**5.799** kr/kg

**Eistu**
**629** kr/kg

**Dilkanýru**
**429** kr/kg

**Dilkalifur**
**399** kr/kg

**Dilkahjörtu**
**599** kr/kg

**Þindar**
**449** kr/kg

**Blóð**
**219** kr/lítri

**Próteinkeppir**
10 stk
**1.349** kr/pk

**Mör**
**179** kr/kg

**Brytjaður mör u.þ.b. 3 kg**
**259** kr/kg

**Sviðahausar**
**629** kr/kg

**Kalóneraðar vambir**
3 stk
**1.299** kr/pk

24
**Opið allan sólarhringinn**
**Garðabæ og Skeifunni**

**HAGKAUP** *Meira svona alla daga*

# Sóknarfæri



**Kjartan Hreinn Njálsson**
kjartanh@frettabladid.is

Krabbamein má annaðhvort rekja til gena sem orðið hafa fyrir skemmdum vegna krabbameinsvaldandi efna, eða til handahófskenndra mistaka sem eiga sér stað þegar gen eru afrituð við frumuskiptingu. Þekking okkar, framfarir og tækni eru ljóslega vanmáttug vopn gegn gerræði náttúrunnar. Þannig munum við aldrei útrýma krabbameini, ekki nema með því að raska þeim eiginleikum í líffræði okkar sem eru forsenda velgengni okkar sem tegundar. Krabbamein verður hluti af veruleika okkar svo lengi sem við höldum áfram að fjölga okkur, verða eldri og læknast af sárum okkar.

Baráttan við krabbamein snýst því um forvarnir, skaðaminnkun og bætta umönnun og meðferð fyrir þá sem kljást við sjúkdóminn.

Á dögunum birti Alþjóðakrabbameinsrannsóknastofnunin (IARC) spá sína um þróun krabbameins í heiminum. Samkvæmt spánni mun krabbamein draga um tíu milljónir manna til dauða á þessu ári og ný tilfelli krabbameins verða rúmlega 18 milljónir. Einn af hverjum fimm körlum og ein af hverjum sex konum munu fá krabbamein einhvern tíma á lífsleiðinni.

Jákvæða punkta er að finna í skýrslu IARC, þó svo að sérfræðingar stofnunarinnar dragi sannarlega upp dökka mynd af stöðu mála. Gríðarstór skref hafa verið tekin í nútíma læknisfræði í meðhöndlun krabbameins á undanförnum árum. Þetta eru framfarir sem byggja á þrotlausri vísindavinnu síðustu áratuga. Í skýrslunni er jafnframt að finna mikilvæga áminningu um þau sóknarfæri sem óvirkjuð eru í forvörnum og skaðaminnkun; þeirri hlið krabbameins sem ekki er endilega háð hlutkesti náttúrunnar. IARC bendir á að hægt er að koma í veg fyrir eitt af hverjum þremur til tveggja af hverjum fimm krabbameinstilfellum á Vesturlöndum með því að stuðla að breyttum lífsstíl og lágmarka þætti í umhverfinu sem valdið geta krabbameini. Þetta er í samræmi við mat Alþjóðaheilbrigðismálastofnunar um að hægt sé að koma í veg fyrir eitt af hverjum þremur krabbameinum.

Til að stuðla að bættum forvörnum og löngu tímabærri vitundarvakningu um krabbamein þarf samstillt átak á öllum stigum samfélagsins. Hér á landi bíðum við enn eftir því að endanleg krabbameinsáætlun komist til framkvæmda. Sú vinna er langt á veg komin, en það síðasta sem heyrðist um krabbameinsáætlun til ársins 2020 var í júlí í fyrra þegar tillögur ráðgjafarhóps voru birtar.

Engum dylst að hér á landi eru meiriháttar sóknarfæri til staðar. Við vorum lengi vel í fremstu röð við greiningu krabbameina og búum að einhverri ítarlegustu krabbameinsskrá sem fyrirfinnst. Um leið er hér að finna fagfólk mikið í sínum fræðum og öflug sjúklingasamtök. Þá eigum við gríðarlegt safn erfðaupplýsinga sem bíða hagnýtingar í þágu þeirra sem bera stökkbreytingu í erfðum sínum sem auka verulega líkur á banvænu krabbameini.

Hér á landi eru raunveruleg sóknarfæri til staðar. Ekki aðeins tækifæri í formi reynslu, þekkingar og gagnasafna, heldur einnig sóknarfæri sem grundvallast á upplifun lítils samfélags þar sem hvert og eitt ótímabært dauðsfall er ekki aðeins harmleikur, heldur eitthvað sem snertir okkur enn dýpra. Við skuldum afkomendum okkar, og þeim sem háð hafa baráttu við krabbamein, það að nýta þessi tækifæri til hins ýtrasta.

**Baráttan við krabbamein snýst því um forvarnir, skaðaminnkun og bætta umönnun.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Enginn hrundans**

**Fréttablaðið sagði í gær frá því að árshátíð Stjórnarráðsins sem halda átti þann 6. október hefði verið frestað fram á vor þar sem ráðherrarnir Katrín Jakobsdóttir og Lilja Alfreðsdóttir hefðu ekki viljað slá upp veislu rennisléttum tíu árum eftir að Geir H. Haarde bað Guð að blessa Ísland. Sara Elísa Þórðardóttir, varaþingmaður Pírata, fagnaði frestuninni á Facebook enda tímabært að stjórnmálafólk „sýni þjóðinni virðingu og nærgætni“. Óljóst samt hverju nokkrir mánuðir til eða frá breyta eftir 120 mánuði sorgar og reiði.**

**Who cares?**

**Gunnar Smári Egilsson gefur hins vegar lítið fyrir frestun gleðinnar og áttar sig ekki á hvað „PR-ráðgjafar þeirra telja sig vera að afreka“ með þessu útspili. „Ef þær hefðu ráðist í aðgerðir til að mæta vanda þeirra sem misstu allt sitt í Hruninu myndi ég fagna, en hvort þær skáli þennan daginn eða hinn ... who cares?“ Grímur Atlason leggur aftur á móti til málamiðlun; að 6. október verði „hinn nýi föstudagurinn langi, enda löngu orðinn djammdagur“. Fólk fái frí, það fasti og „það verður ekki hlustað á neina andskotans tónlist eða dansað inn í nóttina. Guð blessi Ísland og Amen.“**

**thorarinn@frettabladid.is**

## Valfrelsi í skólamálum



**Katrín Atladóttir**
borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins

Reykjavíkurborg greiðir 75% af meðalrekstrarkostnaði grunnskóla landsins á nemanda með barni í sjálfstæðum skóla. Þetta veldur því að sjálfstæðu skólarnir verða að innheimta skólagjöld. Það er sannarlega ekki á færi allra foreldra að greiða skólagjöld og því veldur þetta ákveðinni stéttaskiptingu meðal barna. Eðlilegra væri að líta á þetta út frá réttindum barna til að sækja hvaða skóla sem er. Að barn hefði rétt á því að fá sama framlag óháð því hvaða skóla það og foreldrar þess kjósa að velja.

Börn eru jafn ólík og þau eru mörg. Mismunandi áherslur og lausnir í menntamálum henta hverju þeirra. Sjálfstæðir skólar bæta flóru skóla Reykjavíkur svo um munar. Þeir veita foreldrum valkosti í skólamálum og tækifæri til að velja milli ólíkra áherslna í uppeldi og menntun barna sinna.

**Eykur gæði á öllum sviðum**

Fjölbreytt námsframboð og stefnur í kennslu skapa eðlilega samkeppni milli skóla. Aukin samkeppni eykur gæði á öllum sviðum, líka í menntamálum. Mikilvægt er að horfa ekki á sjálfstæða skóla sem einhvers konar ógn heldur sem tækifæri til að bæta menntun barna í borginni. En það eru ekki bara skólarnir sem njóta góðs af samkeppni. Fjölgun sjálfstæðra skóla er mikilvægur þáttur í að auka fjölbreytni þegar kemur að atvinnumöguleikum kennara. Þannig er líka verið að gera kennarastarfið að vænlegri valkosti.

**Jöfn tækifæri**

Tillaga okkar í Sjálfstæðisflokknum, sem verður tekin fyrir á næsta borgarstjórnarfundi, snýr að því að öll börn í Reykjavík fái jöfn fjárframlög frá borginni óháð því hvaða skóla þau sækja. Í staðinn munu sjálfstæðu skólarnir ekki rukka skólagjöld. Þannig má tryggja jöfn tækifæri allra barna til að sækja hvaða skóla sem hentar, óháð efnahag foreldra. Það er sanngirnis- og réttlætismál fyrir börnin í borginni að tillagan verði samþykkt.

**Aukin samkeppni eykur gæði á öllum sviðum, líka í menntamálum.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is,* Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is,* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Hagsmunir hvaða sjúklinga?



**Birgir Jakobsson**
fyrrverandi landlæknir og aðstoðarmaður heilbrigðisráðherra

Síðustu vikur hefur umræða um heilbrigðismál og hagsmuni sjúklinga ratað í ýmsa fréttamiðla. Umræðan hefur meðal annars snúist um það að heilbrigðiskerfið eigi að vera þess eðlis að hagsmunir sjúklinga séu í forgangi þegar þjónustan er skipulögð.

Allir hljóta að geta verið sammála um þá staðhæfingu, en spurningin er bara – hagsmunir hvaða sjúklinga? Þeirra sem hafa alvarlegustu sjúkdómana, fleiri en einn sjúkdóm sem ekki er óalgengt hjá eldra fólki og þeirra sem hafa verst lífskjör og eiga erfiðast með að fóta sig í kerfinu? Eða eru það hagsmunir þeirra sem hafa tiltölulega einföld heilbrigðisvandamál, sem sjúklingarnir geta sinnt sjálfir með ráðgjöf og sem í mörgum tilfellum ganga yfir af sjálfu sér? Við viljum að sjálfsögðu hafa heilbrigðiskerfi sem getur sinnt þessu öllu en það mun koma að því að við þurfum að velja. Við stöndum frammi fyrir þeirri ánægjulegu staðreynd að lífaldur þjóðarinnar fer hækkandi. Það getur þýtt að fyrrnefndi hópurinn fari vaxandi.

Í skýrslu McKinsey frá 2016 segir að á síðustu árum hafi orðið veruleg aukning í starfsemi stofulækna og starfsemi að sama skapi flust út af Landspítala óháð því hvort tillit hafi verið tekið til þess að starfsemin væri betur komin inni á spítalanum. McKinsey bendir enn fremur á að greiðslukerfi stofulækna hvetji til einfaldra heimsókna á kostnað flóknari og tímafrekari sjúklinga. Embætti landlæknis gerði könnun um tíðni aðgerða á einkastofum og fann greinilegar ábendingar um oflækningar. Þá hefur Ríkisendurskoðun bent á það að fjármunir hafi flust úr opinberu heilbrigðisþjónustunni inn í stofurekstur sérgreinalækna sl. áratug. Allt hefur þetta gert það að verkum að sjúklingar með alvarlega sjúkdóma og fjölþætt heilbrigðisvandamál og þeir sem hafa verst lífskjörin, sjúklingar sem þurfa aðkomu fleiri heilbrigðisstétta, fá nú verri þjónustu og reka sig á fleiri veggi áður en þeir fá lausn sinna mála.

Nú stendur til að breyta þessu. Heilbrigðisráðherra leggur áherslu á styrkingu opinbera heilbrigðiskerfisins, heilsugæsluna um allt land sem fyrsta viðkomustað sjúklinga með breiðri aðkomu fleiri heilbrigðisstétta, og að auka aðgengi að sérgreinalæknum fyrir alla landsmenn með því að styrkja göngudeildarstarfsemi sjúkrahúsanna, ekki síst Landspítala, þar sem auðveldara er að koma við teymisvinnu fleiri fagstétta. Til þess að koma þessu til leiðar þarf fleiri sérgreinalækna inn á sjúkrahúsin enda er það ein af niðurstöðum McKinsey að Landspítalinn sé mun verr mannaður af reyndum sérfræðingum en sambærileg sjúkrahús annars staðar á Norðurlöndunum. Þetta er ekki hægt að gera á meðan sérgreinalæknar fá bæði betur greitt og einfaldari sjúklinga þegar þeir starfa á rammasamningi Sjúkratrygginga Íslands.

**Það er enginn að tala um að afnema stofulækna. En það þarf að gera þjónustu þeirra markvissari svo kunnátta sérgreinalækna sé notuð á réttan hátt.**

Það er enginn að tala um að afnema stofulækna. En það þarf að gera þjónustu þeirra markvissari svo kunnátta sérgreinalækna sé notuð á réttan hátt. Útboðsleið, sem hefur verið viðruð sem hugmynd af ýmsum aðilum, er ein þeirra leiða sem eru til skoðunar í ráðuneytinu. Það er misskilningur að skapa þurfi tækifæri fyrir íslenska heilbrigðisstarfsmenn í námi erlendis með því að bjóða þeim starf á stofu. Flestir íslenskir læknar eru í sérnámi á háskólasjúkrahúsum erlendis og koma því aðeins heim að þeim sé boðin sambærileg starfsaðstaða hér á landi.

# Fullorðið fólk í byssuleik



**Stefán Pálsson**
ritari Samtaka hernaðarandstæðinga



**Guttormur Þorsteinsson**
formaður Samtaka hernaðarandstæðinga

Fyrir tæpum fimmtíu árum rændi hinn dularfulli þjóðflokkur Grandóníumanna íslenskum vísindamanni og íturvaxinni dóttur hans og hélt með til fjalla. Í kjölfarið var sendur út herflokkur sem arkaði um Þjórsárdal til að heimta feðginin úr helju, sem tókst eftir snarpan bardaga við fjallabúana vígreifu.

Þessi flétta var ekki í barnabók eftir Ármann Kr. Einarsson eða óvenjuslappri hasarmynd úr Hollywood, heldur raunveruleg lýsing á heræfingum Breta í Þjórsárdal sumarið 1969. Sjaldan hefur komið jafn skýrt í ljós hversu lítill munur er í raun á heræfingum stórveldanna og stríðsleikjum ungra drengja. Fáránlegir hlutverkaleikir hafa löngum fylgt æfingum af þessu tagi. Skemmst er að minnast æfingarinnar „Norðurvíkingur“ (nafngiftin segir í raun allt sem segja þarf) þar sem Natóhermenn börðust við ímyndaða umhverfishryðjuverkamenn sem áttu að hafa hertekið Steingrímsstöð í Sogi! Eða þá þegar bandarískar herþyrlur ætluðu að æfa lendingar í Hljómskálagarðinum um aldamótin, en voru stöðvaðar af íslenskum friðarsinnum.

**Sjaldan hefur komið jafn skýrt í ljós hversu lítill munur er í raun á heræfingum stórveldanna og stríðsleikjum ungra drengja. Fáránlegir hlutverkaleikir hafa löngum fylgt æfingum af þessu tagi. Skemmst er að minnast æfingarinnar „Norðurvíkingur“ (nafngiftin segir í raun allt sem segja þarf) þar sem Nató-hermenn börðust við ímyndaða umhverfishryðjuverkamenn sem áttu að hafa hertekið Steingrímsstöð í Sogi!**

Nú berast fréttir af fyrirhuguðum Nató-heræfingum hér á landi síðar í haust. Þar á meðal í Þjórsárdal og víða á Reykjanesskaga. Hinn ímyndaði óvinur verður þó ekki Grandóníumenn heldur ótilgreindir hryðjuverkamenn, enda hefur mestallur fjáraustur í vígvæðingu síðustu ára verið réttlættur með „stríðinu gegn hryðjuverkum“. Eftir sem áður eru stríðsleikir þessir ekki annað en nákvæmlega það: fullorðið fólk í fokdýrum byssuleik að undirbúa sig fyrir alvöru dráp á raunverulegu fólki. Höfnum öllum heræfingum!




GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

# Ævintýrið fékk farsælan endi

Tiger Woods vann fyrsta golfmót sitt í fimm ár um helgina eftir áralanga baráttu við erfið bakmeiðsli. Besti kylfingur allra tíma var þar að vinna sitt 80. mót á PGA-mótaröðinni og nálgast metið á mótaröðinni.



Tiger og margir í áhorfendaskaranum voru klökkir á 18. flötinni í Atlanta þegar sigurinn var í höfn. NORDICPHOTOS/GETTY

**GOLF** Það var hreint út sagt mögnuð stund á Eastlake-golfvellinum um helgina þegar Tiger Woods labbaði inn á síðustu flötina og ljóst var að hann myndi vinna lokamót tímabilsins á PGA-mótaröðinni. Einn besti kylfingur allra tíma var að vinna mót eftir fimm ára bið, 1.836 daga, og áhorfendur réðu sér varla fyrir kæti. Justin Rose reyndist vinna heildarstigamótið með fugli íráshópnum á undan Tiger, FedEx-bikarinn og með því rúman 1,1 milljarð íslenskra króna, en það virtist öllum vera sama um það.

Stundin var Tigers og sást það best þegar Rose gekk af flötinni og baðst á léttu nótunum afsökunar í myndavélarnar á að hafa komið í veg fyrir að sá sem allir héldu með myndi einnig vinna FedEx-bikarinn.

Flestir áttu von á því í ársbyrjun 2017 að fljótlega kæmi í ljós að Tiger væri hættur keppni. Fjórða og alvarlegasta aðgerðin til að takast á við meiðslin á þremur árum var hryggsamruni (e. spinal fusion). Stuttu síðar var hann handtekinn eftir að hafa sofnað undir stýri undir áhrifum fimm missterkra verkjalyfja. Voru ekki miklar væntingar gerðar til hans þegar hann sneri aftur undir lok árs 2017 eftir tæplega tveggja ára fjarveru, það þótti bara frábært að sjá hann mættan aftur út á golfvöll.

Það lifði þó enn í gömlum glæðum og ekki leið á löngu áður en hann var farinn að blanda sér í toppbaráttu á mótum. Var hann oft nálægt því að vinna, annað sætið á PGA-meistaramótinu er gott dæmi um það en ævintýrið fékk farsælan endi þegar hann fagnaði sigri um helgina. Eftir áralanga baráttu við meiðsli var hann kominn aftur á toppinn, besti kylfingur allra tíma. Næst á dagskrá er Ryder-bikarinn um helgina í fyrsta sinn í sex ár.

> Sam Snead á metið yfir flesta sigra á PGA-mótaröðinni, 82 talsins, en Tiger er með augastað á meti hans.

Sjálfur var hann hrærður og átti erfitt með tilfinningar sínar þegar hann setti niður lokapútt mótsins.

„Þessi sigur þýðir jafn mikið og risatitlarnir sem ég hef unnið á ferlinum, ég hef sagt það áður að ég efaðist um að ég myndi finna þessa tilfinningu aftur,“ sagði Tiger sem átti erfitt með að halda andliti þegar hann fékk hreint út sagt magnaðar og jafnframt verðskuldaðar móttökur á lokaflötinni.

„Ég heyrði vel í þeim en reyndi að missa ekki einbeitinguna en það var mögnuð stund. Það var erfitt þegar ég kom á flötina og vissi að sigurinn væri í höfn. Ég hef beðið lengi eftir þessari stund,“ sagði Tiger sem er næstsigursælasti kylfingur allra tíma á eftir Sam Snead sem vann 82 mót á PGA-mótaröðinni.

„Um tíma vissi ég ekki hvort ég myndi lifa annan dag án verkja, mann langar ekki að lifa við stöðugan verk. Ég var um tíma hættur í huganum, ég gat hvorki setið, staðið né legið án þess að mig verkjaði. Börnin mín tengdu golf við sársauka því þau sáu mig þjást þegar ég spilaði en nú hafa þau fengið að upplifa það að sjá pabba sinn vinna golfmót.“

Ef bakið heldur skal enginn afskrifa besta kylfing sögunnar er hann eltist við met Sneads og keppir í fremstu röð á nýjan leik.

kristinnpall@frettabladid.is

## Nýjast

### Olísdeild karla

**Selfoss - Afturelding 29-29**

Mörk Selfoss: Elvar Örn Jónsson 7, Alexander Már Egan 6, Einar Sverrisson 5, Haukur Þrastarson 4, Árni Steinn Steinþórsson 3, Hergeir Grímsson 2, Atli Ævar Ingólfsson 1, Pawel Kiepulski 1.

Mörk Aftureldingar: Elvar Ásgeirsson 9, Júlíus Þórir Stefánsson 6, Birkir Benediktsson 4, Finnur Ingi Stefánsson 2, Árni Bragi Eyjólfsson 2, Tumi Steinn Rúnarsson 2, Einar Ingi Hrafnsson 2, Böðvar Páll Ásgeirsson 2.

**Stjarnan - Valur 21-37**

Mörk Stjörnunnar: Aron Dagur Pálsson 5, Viktor Jóhannsson 3, Bjarki Már Gunnarsson 3, Hrannar Bragi Eyjólfsson 2, Starri Friðriksson 2, Hörður Kristinn Örvarsson 2, Andri Hjartar Grétarsson 2, Ari Pétursson 1, Garðar Benedikt Sigurjónsson 1.

Mörk Vals: Ásgeir Snær Vignisson 6, Alexander Júlíusson 6, Agnar Smári Jónsson 6, Anton Rúnarsson 5, Vignir Stefánsson 3, Róbert Aron Hostert 3, Ýmir Örn Gíslason 2, Ryuto Inage 2, Úlfar Monsi Þórðarson 2, Arnór Snær Óskarsson 1, Orri Freyr Gíslason 1.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Afturelding | 5 | ÍBV | 3 |
| Selfoss | 5 | Haukar | 3 |
| FH | 5 | ÍR | 2 |
| Valur | 5 | Grótta | 1 |
| KA | 4 | Akureyri | 0 |
| Fram | 3 | Stjarnan | 0 |

## Jeffs ekki áfram

**FÓTBOLTI** Ian Jeffs hefur látið af störfum sem þjálfari kvennaliðs ÍBV í knattspyrnu. Samningur Jeffs við félagið rann út eftir tímabilið sem lauk um síðustu helgi og mun hann ekki framlengja samning sinn.

Þetta staðfesti hann í samtali við fotbolta.net í gærkvöldi. Undir hans stjórn varð liðið bikarmeistari á síðustu leiktíð, en liðið hafnaði í fimmta sæti í Pepsi-deildinni á nýliðinni leiktíð. **– hó**



# Marta og Modric best

**FÓTBOLTI** Marta, leikmaður bandaríska liðsins Orlando Pride og brasilíska kvennalandsliðsins í knattspyrnu, og Luka Modric, leikmaður spænska liðsins Real Madrid og króatíska karlalandsliðsins í knattspyrnu, voru valin besta knattspyrnufólk heims á þessu ári af Alþjóðaknattspyrnusambandinu, FIFA, en valið var kunngjört við hátíðlega athöfn í Royal Festival Hall í London í gærkvöldi.

Marta, sem var fyrirliði Brasilíu sem varð Suður-Ameríkumeistari fyrr á þessu ári, var valin besti leikmaður ársins í sjötta skipti, en enginn annar leikmaður hefur hreppt hnossið jafn oft. Ada Hegerberg frá Noregi, sem leikur með Lyon sem varð bæði franskur meistari og vann Meistaradeild Evrópu á þessu ári, og samherji hennar hjá Lyon, Dzsenifer Marozsan, fyrirliði þýska kvennalandsliðsins, komu einnig til greina í kjörinu.

Luka Modric var lykilleikmaður hjá Real Madrid sem vann Meistaradeild Evrópu þriðja árið í röð. Þá er hann fyrirliði króatíska karlalandsliðsins í knattspyrnu sem fór alla leið í úrslitaleik HM í Rússlandi í sumar. Króatía laut þar í lægri haldi fyrir Frakklandi sem átti ekki fulltrúa á meðal þriggja efstu í kjörinu. Modric varð hlutskarpari í keppninni við Cristiano Ronaldo, fyrrverandi samherja sinn hjá Real Madrid og núverandi leikmann Juventus, og Mohamed Salah, sem fór á kostum með Liverpool á síðustu leiktíð og var markahæsti leikmaður ensku úrvalsdeildarinnar.

Þetta er í fyrsta skipti síðan árið 2008 sem annaðhvort Lionel Messi eða Ronaldo fara ekki heim með þessi verðlaun, en hvorugur þeirra var viðstaddur athöfnina. Þeir hafa unnið þennan titil síðasta áratuginn, fimm sinnum hvor. Þá er þetta í fyrsta skipti í tólf ár sem Messi er ekki á meðal þriggja efstu í kjörinu.

Didier Deschamps, þjálfari heimsmeistara Frakka, og samlandi hans, Reynald Pedros, sem stýrði franska liðinu Lyon til franska meistaratitilsins og sigurs í Meistaradeild Evrópu, voru valdir þjálfarar ársins. Þá voru það sárabætur fyrir Salah þegar mark hans í nágrannaslag Liverpool og Everton var kosið fallegasta mark ársins.

Lið ársins er síðan skipað eftirtöldum leikmönnum: David de Gea, Dani Alves, Raphael Varane, Sergio Ramos, Marcelo, Luka Modric, N'golo Kante, Eden Hazard, Lionel Messi, Kylian Mbappe og Cristiano Ronaldo. **– hó**



FRÉTTABLAÐIÐ **+PLÚS** Fleiri myndir frá verðlaunafhendingunni í gærkvöldi er að finna á +Plússíðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**











Luka Modric sem var valinn besti leikmaður heims í karlaflokki, Didier Deschamps, þjálfari ársins karlamegin og Marta, sú besta, í kvennaflokki. MYNDIR/NORDICPHOTOS/GETTY

# Uppskeruhátíð í fótboltanum

Alþjóðaknattspyrnusambandið, FIFA, kunngjörði í gærkvöldi hvaða leikmenn hefðu skarað fram úr á sviði knattspyrnunnar á þessu ári. Gleðin var við völd á verðlaunaafhendingunni í London.




Stuðningsmenn karlalandsliðs Perú voru valdir þeir bestu á árinu, en þeir hvöttu lið sitt með ráðum og dáð.



Dani Alves og Ronaldinho, fyrrverandi samherjar hjá Brasilíu, voru léttir í lundu á athöfninni. Alves skartaði einkar glæsilegum jakka um kvöldið.




Rapparinn Big Shaq tróð upp í byrjun afhendingarinnar og sló á létta strengi.



Söngvarinn Noel Gallagher tók lagið.



Hér má meðal annars sjá þá stórkostlegu leikmenn sem mynda lið ársins.



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Edda Ingibjörg Margeirsdóttir**

Lerkihlíð 5, Reykjavík,

andaðist á Sólvangi, Hafnarfirði, föstudaginn 21. september. Útförin fer fram frá Háteigskirkju föstudaginn 5. október, klukkan 15. Hjartans þakkir til starfsfólksins á Sólvangi.

**Sveinn Pálsson**
**Helga Hjördís Sveinsdóttir**
**Elenora Björk Sveinsdóttir** **Erlendur Friðriksson**
**Hallveig Elfa Hahl** **Martin Hahl**
**Höskuldur Freyr Sveinsson**
**Páll Margeir Sveinsson** **Sigurdís Gísladóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Útför ástkærs eiginmanns míns, föður, sonar og bróður,

**Sigurðar Bergþórssonar**

fer fram miðvikudaginn 26. september í Dómkirkjunni í Reykjavík kl. 13.00.

**Herdís Stephensen**
**Ingvar Sigurðsson**
**Unnur Sigurðardóttir** **Steindór Ögmundsson**
**Bergþór Atlason**
**Friðrik Þór Steindórsson** **Hafdís Snorradóttir**
**Yngvi Steindórsson** **Hafrún Sigurðardóttir**

*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*





ÚTFARARSTOFA ÚTR REYKJAVÍKUR

Ísleifur Jónsson
Útfararstjóri
Farsími 821 5353

Steinunn Magnúsdóttir
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
**Þjónusta allan sólarhringinn**




*Útfararþjónusta*
*& lögfræðiþjónusta*

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

*Með kærleik og virðingu*

**Útfararstofa Kirkjugarðanna**
Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5407.

# Fagnar afmælinu í Róm

**Sigurður Guðmundsson, fyrrverandi landlæknir, er sjötugur í dag. Hann er við eyjuna Capri þegar hann svarar síma. Ánægður með allt nema starfslokareglu lýðveldisins.**

Það er auðvitað alveg frábært að vera hér á svona fallegum degi,“ segir Sigurður Guðmundsson, fyrrverandi landlæknir, staddur um borð í ferju við eyjuna Capri. Kveðst einn af túristunum mörgu sem sækja Capri heim. „Ég held þeir séu um fimmtán þúsund á dag,“ upplýsir hann.

*Hvernig ætlar þú svo að verja afmælisdeginum?*

„Við verðum í Róm. Förum þangað í fyrramálið. Ég er á ferð með útskriftarárganginum mínum úr læknadeildinni. Við förum í borgarferðir á svona tveggja ára fresti og nú urðu Róm, Napólí og Capri fyrir valinu. Það var alger tilviljun að ferðina bar upp á þetta afmæli mitt. Við hjónin erum saman, auðvitað. Hún varð sjötug aðeins á undan mér en það sést ekki á okkur því ég ber þennan aldur aðeins augljósar en hún. En þetta er það sem við ætlum að gera, vera í Róm, sjá Colosseum og Forum Romanum, borða ítalskan mat og drekka ítölsk vín.“



Hjónin Sigríður Snæbjörnsdóttir og Sigurður Guðmundsson stödd í Pompei.

Sigurður er sérfræðingur í smitsjúkdómum og er enn í fullri vinnu á Landspítalanum en segir það nú breytast eins og lög litla lýðveldisins geri ráð fyrir. „Ég mun halda áfram í hálfu starfi, spítalinn vildi það og ég líka, svo það náðust samningar. Mér finnst það frábært. Svo ég tuði svolítið þá finnst mér skrítið og ekki málefnalegt, ef nota má svo lögfræðilegt orðaval, að fólk þurfi að hætta vinnu bara af því það verður 70 ára, það ætti að hafa val,“ segir hann og heldur áfram: „Við kunnum margt á þessum aldri enda höfum við reynt allan fjandann og ég held það sé ástæða til að endurskoða þessar reglur. Starfslokin eiga að vera lending, ekki hrap.“

**gun@frettabladid.is**



✝

Ástkær sonur minn, bróðir, faðir, tengdafaðir og afi,

**Jens Reynisson**

lést í Svíþjóð mánudaginn 17. september sl.

**Auður Jensdóttir**
**Þór Reynisson** **Svala Pálsdóttir**
**Dagný Rós Jensdóttir** **Hörður Traustason**
**Stella Rut Jensdóttir** **Sindri Thor Kristjánsson**
**Tryggvi Sjafnar** **Hildigunnur Ólafsdóttir**
**Og barnabörnin: Alexandra Angela, Alexander Þór, Natalía Birna, Karmen Von og Aría Björt.**



✝

Elskulega móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Kristín Gestsdóttir**

Hrafnistu Nesvöllum, áður á Birkiteig 6, Reykjanesbæ,

lést á Hrafnistu Nesvöllum sunnudaginn 16. september. Útför verður frá Keflavíkurkirkju föstudaginn 28. september klukkan 13.00.

**Richard D. Woodhead** **Margrét Pétursdóttir**
**Hilmar G. Bjarnason** **Eyrún Sigurðardóttir**
**og aðrir aðstandendur.**



✝

Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát ástkærs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**Haraldar Gísla Sigfússonar**

fv. leigubifreiðarstjóra, frá Stóru-Hvalsá, Hrútafirði, Álfheimum 44, Reykjavík.

**Hreinn Haraldsson** **Ólöf Erna Adamsdóttir**
**Hanna Dóra Haraldsdóttir** **Bjarni Jón Agnarsson**
**Sigfús Birgir Haraldsson** **Hanna Jóhannsdóttir**
**barnabörn og fjölskyldur þeirra.**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Jenný Sigrún Sigfúsdóttir**

lést á hjúkrunarheimilinu Grund laugardaginn 22. september. Útförin fer fram frá Langholtskirkju mánudaginn 1. október kl. 13.00.

**Sigrún Halldóra Einarsdóttir**
**Þorgerður J. Einarsdóttir** **Pálmi Magnússon**
**Aldís Hrönn Einarsdóttir** **Kaj Fryestam**
**börn, barnabörn, langömmubörn og langalangömmubörn.**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi, langafi, bróðir og mágur,

**Gunnar Þorsteinsson**

félagsliði,

lést að heimili sínu, Skipholti 40, laugardaginn 15. september. Útförin fer fram frá Háteigskirkju föstudaginn 28. september kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hins látna er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

**Ingveldur Þorkelsdóttir**
**Elva Dögg Gunnarsdóttir** **Vagn Leví Sigurðsson**
**Hrannar Leví Elvuson**
**Þórsteinn Ingi Einarsson**
**Gunnar Leví Vagnsson**
**Una Ingveldur Vagnsdóttir**
**Elvar Máni Hrannarsson**
**Sigríður Helga Þorsteinsdóttir** **Jón Ingi Guðmundsson**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Louise Kristín Theodórsdóttir**

Túngötu 10b, Siglufirði,

lést á Heilbrigðisstofnun Norðurlands á Siglufirði laugardaginn 15. september. Útförin fer fram frá Siglufjarðarkirkju fimmtudaginn 27. september klukkan 14.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarfélög í heimabyggð.

**Jóhanna Hlín Ragnarsdóttir**
**Hans Ragnar Ragnarsson**
**Laufey Theodóra Ragnarsdóttir**
**Særún Hrund Ragnarsdóttir**
**tengdabörn, barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**

# Fólk

Heilsa

ÞRIÐJUDAGUR 25. SEPTEMBER 2018



Lífið er ljúft á Costa Blanca á Spáni þar sem sólin skín á íbúana, fasteignaverð er viðráðanlegt fyrir Íslendinga og matvara kostar þrisvar sinnum minna.

# Eldri borgarar áhugasamir um búsetu á Spáni

Fasteignasalan Spánarheimili hefur gert samkomulag við Félag eldri borgara um að vera þeim félagsmönnum innan handar sem hafa hug á að leigja eða kaupa eign á Spáni. Dagana 9. til 16. október verður farin kynningarferð til Costa Blanca þar sem félagsmenn fá að upplifa svæðið og möguleika þess. 2




**Tanya Dimitrova hvetur fólk á öllum aldri til að lyfta rassinum upp úr sófanum og hreyfa sig til að bæta lífsgæði. Hún er með zumba-tíma fyrir eldri borgara sem eru mjög vinsælir.** 4

Acid Soothe
- ertu með brjóstsviða eða bakflæði?





Spánarheimili er með mikið af eignum á skrá sinni, bæði til kaups og leigu. Íslendingar eru afar áhugasamir um fasteignakaup um þessar mundir enda hagstætt að dvelja á Spáni.

**Framhald af forsíðu**

Frá því að höftin voru losuð vorið 2017 hefur orðið sprenging í viðskiptum Íslendinga með fasteignir á Spáni og áhuginn á kaupum eða leigu á húsnæði er mjög mikill. Enda hafa Íslendingar uppgötvað að verðið á eignunum er mjög hagstætt auk þess sem mun ódýrara er að lifa á Spáni,“ segir Bjarni Sigurðsson, framkvæmdastjóri Spánarheimila.

Spánarheimili er fasteignasala sem sérhæfir sig í að selja fasteignir á Spáni til Íslendinga. Fyrirtækið er með skrifstofu á Íslandi, í verslunarmiðstöðinni Firði, og á Spáni. Átta starfsmenn starfa hjá fyrirtækinu og hafa þeir allir búið á Spáni og þekkja vel til á Costa Blanca svæðinu.

## Farfuglar á Spáni og Íslandi

„Flestir okkar viðskiptavinir eru í kringum 55 ára og eldri en þó er einnig nokkuð um yngra fólk. Undanfarið höfum við þó tekið eftir enn meiri áhuga hjá fólki yfir sextugu á því að taka upp búsetu á Spáni í lengri eða skemmri tíma. Þetta fólk er þá eins og farfuglar, fer út í sólina að hausti og kemur heim til Íslands á vorin til að njóta íslenska sumarsins,“ segir Bjarni. Hann tekur sem dæmi að hægt sé að leigja nýja eign á Spáni fyrir um 70 til 90 þúsund krónur á mánuði yfir vetrartímann. Þá kosti matvara þrefalt minna en á Íslandi. „Fólk fær þannig miklu meira út úr lífeyrinum sínum.“

## Hjálpa fólki í öllu ferlinu

Bjarni segir mikinn áhuga vera innan Félags eldri borgara fyrir búsetu á suðlægum slóðum. Spánarheimili bauð stjórn félagsins út að skoða allar aðstæður á Costa Blanca svæðinu. „Í framhaldinu gerðum við samkomulag um að við myndum þjónusta félagsmenn þeirra sérstaklega. Í því felst að við munum leiða fólk í gegnum allt ferlið, allt frá því að veita upplýsingar um eignir til kaups og leigu hér heima og til þess að hjálpa fólki að koma sér fyrir. Starfsmaður okkar úti verður með þjónustunúmer sem fólk getur hringt í ef það vantar aðstoð, til dæmis til að fara á spítala, fá túlkun eða útvega lyf. Við munum einnig hjálpa þeim að koma sér inn í það öfluga Íslendingasamfélag sem er starfandi þarna úti. Það sér um viðburði nánast daglega, mínígolf, félagsvist, bridds og gönguferðir og svo er starfandi golfklúbbur svo fátt eitt sé nefnt.“

Fólki þykir afar dýrmætt að hafa íslenskt starfsfólk Spánarheimila á staðnum sem það getur leitað til. „Við höfum líka fundið fyrir að aðstandendur eru fegnir að vita að við séum til staðar ef eitthvað kemur upp á. Við erum því nokkurs konar öryggisnet.“ Félagsmenn í Félagi eldri borgara munu einnig njóta ýmissa kjara Vildarklúbbs Spánarheimila og fá því góða afslætti á golfvöllum, bílaleigum og veitingastöðum.

## Alltaf beint flug

Spánarheimili starfa mest á Costa Blanca svæðinu sem nær frá Denia norður til Torrevieja. „Torrevieja og svæðið þar í kring er vinsælast meðal Íslendinga enda er þar allt til alls. Þá er Alicante-flugvöllurinn í fjörutíu mínútna akstursfjarlægð frá Torrevieja en flugsamgöngur eru afskaplega góðar til og frá Alicante. Í dag eru fjögur flugfélög sem bjóða upp á beint flug frá Íslandi, flogið er allt árið um kring og yfirleitt hægt að fá fargjöld á góðu verði.“ Bjarni bendir á að flugið taki aðeins fjóra tíma.

## Ýmsar leiðir færar

„Margir okkar viðskiptavina hafa haft orð á því að þeir hafi aldrei lifað jafn áhyggjulausu lífi,“ segir Bjarni en misjafnt er hvernig fólk kýs að útfæra búsetu sína. „Sumir eru að selja stórar eignir á Íslandi og eru að minnka við sig. Þeir velja þá að kaupa sér eign á Spáni fyrir í kringum 20 milljónir króna í staðinn fyrir til dæmis sumarbústað í Grímsnesinu. Aðrir selja sínar eignir, kaupa sér sumarhús úti á landi og eign á Spáni. Síðan dvelur það fólk á Spáni á veturna og í sumarhúsinu á sumrin.“

Fólk getur einnig fengið töluverðar tekjur af eign sinni á Spáni. „Við höfum verið að taka eignir í leiguumsjón enda mikil eftirspurn eftir húsnæði til leigu yfir sumartímann hér á Spáni. Fólk getur




Spánarheimili hafa gert samkomulag við Félag eldri borgara um að vera félagsmönnum innan handar sem vilja leigja eða kaupa eign á Spáni. Á myndinni eru Gísli Jafetsson, Ellert B. Schram, Reynir Logi Ólafsson og Bjarni Sigurðsson.

fengið mjög góðar leigutekjur yfir sumartímann og þær standa jafnvel undir rekstrarkostnaði eignarinnar allt árið.“

## Nánari tengsl við fjölskylduna

Sumir gætu kannski hræðst að fjarlægjast fjölskylduna við flutning til útlanda en Bjarni segir reynsluna hafa verið aðra. „Fólk er duglegt að koma heim við ýmis tækifæri, í fermingar, skírnir og um jólin. Þá er mjög algengt að fjölskyldan heimsæki mömmu og pabba eða afa og ömmu til Spánar. Einn sagði svo skemmtilega að hann væri í raun farinn að umgangast fjölskyldu sína, börnin og barnabörnin, mun meira eftir að hann flutti út en hann gerði á Íslandi. Hann fær stöðugar heimsóknir og þarf að taka upp dagbókina þegar fólk hringir til að spyrja hvort það megi koma í heimsókn til að athuga hvort það




Spánarheimili er með skrifstofur og starfsfólk bæði á Íslandi og Spáni.

stangist nokkuð á við aðrar heimsóknir.“

## Kynningarferð til Spánar í október

Spánarheimili skipuleggur nú kynningarferð fyrir félagsmenn í Félagi eldri borgara sem farin verður 9. til 16. október. „Í þessari ferð förum við yfir allt sem máli skiptir. Við gistum á hóteli, þeir sem vilja spila golf gera það, við förum á Íslendingahitting, markað og sýnum fólki svæðið. Við skoðum eignir sem eru til leigu og kaups og förum yfir hvernig allt ferlið gengur fyrir sig. Þarna fær fólk innsýn í hvernig er að búa erlendis, hvernig verðlagið er, og veðrið.“

Nánari upplýsingar má finna á www.spanarheimili.is

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** Torg ehf
**Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir

**Umsjónarmenn efnis:** **Sólveig Gísladóttir,** solveg@frettabladid.is s. 512 5351 | **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 **Brynhildur Björnsdóttir,** brynhildur@frettabladid.is, s. 512 5347 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 512 5442, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429,

# LEGSTEINAR

## Í MIKLU ÚRVALI

**20% AFSLÁTTUR**

AF ÖLLUM GRANÍT LEGSTEINUM Í SEPTEMBER














GRANÍT STEINAR

Helluhrauni 2, Hafnarfirði
544 5100 – granitsteinar.is

# Enginn einmana þegar við dönsum og hlæjum saman

Stöðugt er verið að hvetja fólk til að hreyfa sig. Sérstaklega fólk sem hefur fest í ákveðnum vana og velur sófann þegar heim er komið eftir vinnu í stað göngutúrs. Það þarf ekki að vera erfitt að breyta vananum en það krefst aga, markmiða og skipulagningar, segir Tanya Dimitrova.

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Hreyfing er lífsnauðsynleg til að halda góðri heilsu. Mörgum finnst erfitt að finna tíma til að hreyfa sig, sérstaklega foreldrum með ung börn. „Það getur tekið nokkrar vikur að aðlagast nýrri rútínu og til þess þarf gott skipulag,“ segir Tanya Dimitrova hjá Heilsuskóla Tanyu. „Það er gott að byrja á því að setja sér markmið og svo ákveða hvernig best sé að ná markmiðinu. Gott er að vinna með skammtíma markmið til að byrja með en hafa langtíma markmið alltaf í augsýn. Það hefur verið vísindalega sannað að reglubundin hreyfing virkar fyrirbyggjandi gegn ýmsum kvillum. Auk þess hjálpar hún til við að minnka lyfjanotkun, til dæmis gegn of háum blóðþrýstingi, kvíða og þunglyndi. Með jákvæðri hugsun getum við gert margt til að bæta heilsuna,“ segir hún.

Tanya segir að það sé ekki hægt að breyta sér á svipstundu. „Nei, það er ekki hægt að breyta öllum óhollum venjum á einni nóttu. Ef við gerum það er hætt við að fólk gefist upp fljótlega. Betra er að taka eitt skref í einu. Til dæmis væri gott að sleppa gosdrykkjum fyrst og halda sig við það í nokkrar vikur. Næsta skrefið gæti verið að skipuleggja reglulega hreyfingu sem við höfum gaman af. Þriðja skrefið fylgir svo nokkrum vikum síðar. Gefum okkur 2-3 mánuði til þess að ná velgengni og aðlagast nýja lífsstílnum. Við þurfum sömuleiðis að ákveða að þessar lífsstílsbreytingar verði ekki tímabundnar heldur til frambúðar,“ segir Tanya sem þjálfar allan aldur kvenna í líkamsrækt og hreyfingu.


Zumba Gold dansflokkur sem Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni stendur fyrir með Tanyu.

Þegar hún er spurð hvort það sé ekki mörgum ofviða að standa upp úr sófanum og hefja lífsstílsbreytingu, svarar hún: „Erfiðasta lyftan er að koma rassinum upp úr sófanum. Um leið og við náum að yfirstíga það, klæða okkur, setja á okkur sminkið, varalit eða nýja derhúfu, fara út að hitta fólk og hreyfa okkur í góðum félagsskap verður þetta svo gefandi og bætandi. Þegar við höfum náð því að stunda reglulega hreyfingu mun okkur líða betur bæði á líkama og sál.“


Tanya Dimitrova Eigandi Heilsuskóla Tanyu.

Tanya segir að best sé að setja sér markmið og vera með skipulagið á hreinu. „Að vera með óskipulagðar áætlanir hjálpar ekki. Að við ætlum að breyta til í næstu viku með því að hreyfa okkur meira eða borða hollari mat gengur ekki. Við þurfum að ákveða áætlun strax í dag, lífið er núna – í dag,“ segir hún. „Fólk sem hefur verið í löngu fríi frá æfingum þarf að fara rólega af stað og hækka erfiðleikastigið smátt og smátt. Það tekur tíma að styrkja vöðvana og koma sér í form en það er hægt að gera það á hvaða aldri sem er. Að byrja seint er betra en að byrja aldrei.“

Tanya segir að mörgum henti vel að kaupa árskort til að koma sér í gang. Sumir vilja æfa í tækjasal á meðan öðrum hentar betur að vera í hóptímum. Best er að skoða hvað er í boði og velja þann tíma sem hentar best.

„Ég er að kenna eldri borgurum á ýmsum námskeiðum hjá Félagi eldri borgara í Reykjavík og nágrenni. Í þessum hópum er fólk sem komið er á efri ár. Ég sé mjög vel hverjir hafa verið duglegir að hreyfa sig í gegnum lífið og hverjir ekki. Ég byrjaði með Zumba Gold námskeið fyrir eldri borgara fyrir um fjórum og hálfu ári. Fyrst var fámennt en svo fylltist fljótt í hópinn og í dag er varla til meira pláss í stóra veislusalnum okkar í Stangarhyl 4 þar sem við æfum. Sama fólkið og byrjaði þá dansar enn þá og svo hefur bæst við fullt af nýju fólki. Við mætum alltaf mjög litrík á æfingar, alltaf með góða skapið og alltaf jákvæð. Þetta er frábær hópur sem mér þykir mjög vænt um. Fyrir marga í hópnum eru þessar æfingar hápunktur dagsins. Enginn er einmana þegar við dönsum og hlæjum saman. Þetta hefur einnig gefið mér sjálfri mjög mikið, ég hef lært margt af þessu lífsreynda, ljúfa og yndislega fólki.

Regluleg hreyfing er nauðsynleg, styrkjandi, bætandi, félagsleg, fyrirbyggjandi og læknandi. Við borðum líka hollara ef við hreyfum okkur reglulega og hugsum betur um okkur almennt. Það er ekki eftir neinu að bíða, tökum ákvörðun um að bæta heilsuna í dag, vegna þess að ef þú hefur ekki tíma fyrir heilsuna í dag, þá mun heilsan ekki hafa tíma fyrir þig á morgun,“ segir Tanya ákveðin og hvetur fólk til að koma sér úr viðjum vanans.



ERTU MEÐ AUGNÞURRK?
Hyprosan augndropar – við augnþurrki
- Án rotvarnarefna
- Hægt að nota með augnlinsum
- Fæst án lyfseðils í apótekum

Hyprosan augndropar innihalda hypromellósa og eru ætlaðir til meðferðar við augnþurrki, þ.m.t. glæru- og tárusiggi (keratoconjunctivitis sicca), hjá fullorðnum. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðil fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og auakverkanir, sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.sérlyfjaskrá.is. September 2018.


ÞREYTT Á AÐ VERA ÞREYTT?
Járnskortur getur verið ein ástæðan.
Floradix hjálpar þér að viðhalda góðri heilsu og heilbrigði.
Engin aukaefni!


Fæst í apotekum, heilsuvörubúðum og heilsuhillum matvöruverslana


ceraviva
CERAVIVA SN #1 60x60cm 2.990 kr. m²
30x60cm 3.190 kr. m²
15x60cm 3.490 kr. m²
Gegnheilar gæða flísar
MÚRBÚÐARVERÐ
CERAVIVA SN #2
30x60cm 3.190 kr. m²
CERAVIVA SN #3 30x60cm 3.190 kr. m²
CERAVIVA NERO SN #4 30x60cm 3.190 kr. m²
CERAVIVA TWILIGHT TT #4 60x60cm 3.390 kr. m²
CERAVIVA TWILIGHT TT #3 60x60cm 3.390 kr. m²
CERAVIVA TWILIGHT TT #6 60x60cm 3.390 kr. m²
Reykjavík Kletthálsi 7. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Reykjanesbær Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is
Netgíró
Betri leið til að versla
MÚRBÚÐIN
Gott verð fyrir alla, alltaf!

# Smáauglýsingar


512 5800
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is


## Bílar & Farartæki


SUZUKI



SUZUMAR gúmmíbátar. Uppblásnir slöngubátar með álgólfi og mikla burðargetu. Til í stærðum frá 2,9m - 4,2m. Verð frá 255.000.- kr.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

KRÓKUR

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**


## Þjónusta

### Pípulagnir

Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum á viðhaldi og viðgerðum. Uppl. í s. 778 1604.

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is


Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**



SAFT


## Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

### Spádómar

**Nympha-dora**
Tarot-lestur og Kristalbúla með leiðsögn að handan
VISA **562 8211** EURO

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, mynddyrasímar, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

Gvendarbás Rafvirki- Alhliða raflagnir. Sími 853-1199 gvendarbas@simnet.is

## Keypt & Selt

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Skólar & Námskeið

### Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Húsnæði

### Húsnæði óskast

Hjón á fimmtugsaldri óskar eftir leiguíbúð á höfuðborgarsvæðinu. S. 773-0444

### Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is






## Atvinna

### Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000**
**Netfang proventus@proventus.is**









# Við ráðum

Ráðum býður upp á ráðgjöf og ráðningarþjónustu sniðna að þörfum viðskiptavinarins.

**Stjórnendaleit**
Reynsla og gott tengslanet sérfræðinga Ráðum skilar árangri þegar finna þarf æðstu stjórnendur eða fólk í stjórnir fyrirtækja.

**Ráðningar millistjórnenda og sérfræðinga**
Góður gagnagrunnur, gott tengslanet og áralöng reynsla á ráðningarmarkaði eykur líkurnar á því að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

**Almennar ráðningar á markaði**
Öflun umsækjenda í almenn störf er ein helsta áskorun fyrirtækja í dag. Þekking á markaðnum er því mikilvæg og þar skiptir reynslan miklu máli. Með leit í gagnagrunni eða auglýsingu í viðeigandi miðlum aðstoðar Ráðum fyrirtæki við að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

**Sveigjanleg nálgun**
Sérstaða Ráðum liggur í sveigjanlegri nálgun á ráðningarverkefnið. Fyrir utan að sjá um allt ráðningarferlið komum við til móts við þarfir fyrirtækja með því að sjá um hluta þess ef þörf krefur, t.d. bakgrunnskannanir, hæfnismat eða starfstengdar æfingar.

**Matstæki**
Ráðum notast við nýjustu aðferðir við að meta hæfni og persónuleikaþætti sem geta skipt sköpum í ráðningum. Ráðum er í samstarfi við bandaríska mannauðslausnafyrirtækið CEB sem er í fararbroddi í persónuleikaprófum og öðrum matstækjum sem eru sérstaklega hönnuð til að greina sérstöðu og hæfileika einstaklinga áður en ráðning fer fram.

Þannig er hægt að finna hæfasta einstaklinginn með talsverðri nákvæmni. Persónuleikamatið OPQ32 og DSI (Dependability & Safety Index) skimunarprófið hafa t.d. verið stöðluð og staðfærð að íslenskum markaði.

**Ráðgjöf við starfslok**
Viðskilnaður fyrirtækis við starfsmann skiptir höfuðmáli þegar fyrirtækið á frumkvæðið að starfslokum. Ráðum býður upp á viðtal við ráðgjafa sem felur m.a. í sér upplýsingar um atvinnumarkaðinn, ráðgjöf varðandi starfsferilskrá og kynningarbréf og hagnýt atriði varðandi starfsleit og atvinnuviðtöl.

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS



# VANTAR ÞIG STARFSFÓLK

Handafl er traust og fagleg starfsmannaveita með margra ára reynslu á markaði þar sem við þjónustum jafnt stór sem smá fyrirtæki.

## Við útvegum hæfa starfskrafta í flestar greinar atvinnulífsins

Markmið okkar er að spara viðskiptavinum tíma, fyrirhöfn og fjármuni.

Suðurlandsbraut 6, 108 Rvk. | SÍMI 419 9000 | info@handafl.is | **handafl.is**

HANDAFL
STARFSMANNAVEITA

HB GRANDI

# HLUTHAFAFUNDUR

**Hluthafafundur HB Granda hf. verður haldinn þriðjudaginn 16. október 2018 í höfuðstöðvum félagsins að Norðurgarði 1, 101 Reykjavík og hefst hann klukkan 17:00. Fundurinn fer fram á íslensku.**

## Dagskrá

1. Tillaga um að staðfesta ákvörðun stjórnar um kaup félagsins á öllu hlutafé Ögurvíkur ehf.
2. Önnur mál.

**Aðrar uppýsingar**

Hver hluthafi á rétt á að fá ákveðin mál tekin til meðferðar á hluthafafundi ef hann gerir um það skriflega eða rafræna kröfu til félagsstjórnar á netfangið **hluthafafundur@hbgrandi.is** með það löngum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins. Þannig skulu óskir hluthafa liggja fyrir eigi síðar en kl. 17:00 laugardaginn 6. október 2018, þ.e. 10 dögum fyrir fundinn.

Á hluthafafundum fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í hlutafé. Eigin bréf félagsins njóta ekki atkvæðisréttar.

Atkvæðaseðlar og fundargögn verða afhent á fundarstað.

Hluthafar sem ekki eiga kost á að sækja fundinn geta: a) veitt öðrum skriflegt umboð
b) greitt atkvæði skriflega

Þeim hluthöfum sem hyggjast nýta sér annan hvorn þessara kosta er bent á að kynna sér á heimasíðu félagsins hvernig þeir skuli bera sig að. Þar er að finna leiðbeiningar um skráningu og form skjala og hvernig þeim skuli skilað til félagsins.

Dagskrá, tillögur og öll skjöl sem lögð verða fyrir fundinn eru hluthöfum tiltæk á íslensku, á heimasíðu félagsins og á skrifstofu félagsins á venjulegum skrifstofutíma. Endanleg dagskrá og tillögur verða birtar viku fyrir fundinn.

Allar nánari upplýsingar um fundinn má finna á vefsíðu félagsins **www.hbgrandi.is**

**Stjórn HB Granda hf.**

## Tilkynningar


# AUGLÝSING UM SKIPULAG Í GARÐABÆ

**GARÐABÆR AUGLÝSIR:**

**Tillögur að deiliskipulagsbreytingum í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.**

1. Lundahverfi. Tillaga að endurskoðuðu deiliskipulagi. Tillagan gerir ráð fyrir ákvæðum um bílageymslur sem eru óbreyttar frá upphaflegu skipulagi. Ekki er gert ráð fyrir fjölgun deilda í leikskólanum Lundabóli.
2. Miðhraun 24. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Molduhrauns vegna Miðhrauns 24. Í breytingunni felst stækkun lóðar, breytingar á aðkomu, breyting á byggingarreit o.fl.

**Tillögurnar liggja frammi á bæjarskrifstofu Garðabæjar, Garðatorgi 7, frá 25. september 2018 til og með 6. nóvember 2018.** Einnig eru þær aðgengilegar á vef Garðabæjar **www.gardabaer.is** Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar. **Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út þriðjudaginn 6. nóvember 2018.**

Skila skal inn athugasemdum á bæjarskrifstofu Garðabæjar eða á **skipulag@gardabaer.is** og skulu þær vera skriflegar og undirritaðar.

**GARÐABÆR KYNNIR:**

**Verkefnalýsingar aðal- og deiliskipulagsbreytinga í samræmi við 1. mgr. 30. gr. og 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.**

1. Skipulagslýsing deiliskipulagsbreytinga við Lyngás, svæði L1 og L2, í samræmi við 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Markmið skipulagsbreytinganna er að gera ráð fyrir að skipulagðar verði 250-350 íbúðir auk þess sem áfram verði 1.000-2.000 m2 í atvinnuhúsnæði.
2. Skipulagslýsing aðal- og deiliskipulagsbreytinga Ása og Grunda, í samræmi við 1. mgr. 30. gr. og 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Viðfangsefni skipulagsbreytinganna á aðalskipulagi og deiliskipulagi verður að skipuleggja stofnanalóð fyrir Alþjóðaskólann við Ægisgrund auk lítillar stækkunar á íbúðarsvæði Grunda. Þetta verður gert með því að minnka lítillega landnotkunarreit meðfram læknum í Ask Gb. 2016-2030, merktur 2.09 Op og skilgreina þann landnotkunarreit (2.19 S) undir samfélagsþjónustu. Aðrar breytingar varða stækkun á íbúðarbyggð innan landnotkunarreits 2.10 Íb í Ask Gb. 2016-2030.

**Skipulagslýsingarnar liggja frammi á bæjarskrifstofu Garðabæjar, Garðatorgi 7, frá 25. september 2018 til og með 9. október 2018.** Einnig eru þær aðgengilegar á vef Garðabæjar **www.gardabaer.is.** Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að senda inn ábendingar. **Frestur til að skila inn ábendingum rennur út þriðjudaginn 9. október 2018.**

Skila skal ábendingum á bæjarskrifstofu Garðabæjar eða á **skipulag@gardabaer.is** og skulu þær vera skriflegar og undirritaðar.

GARÐABÆR
GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • GARÐABAER.IS





Ný tækifæri,
nýjar áskoranir!

www.hagvangur.is
